



 **Hjálparstarf
kirkjunnar**

Starfsskýrsla 2012–2013



THE
LUTHERAN
WORLD
FEDERATION

actalliance

Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2012-2013

Aðalfundur

28. september 2013

haldinn í Grensáskirkju



Hjálparstarf
kirkjunnar

Efnisyfirlit

Inngangur	3	Sjálfbóðaliðar	17
Þróunarstarf	4	Velferð barna	17
Indland	4	Jólaaðstoð	18
Mannréttindasamtökin Social Action Movement	4	Framtíðarsjóður	18
Forskólar	4	Námssjóður fullorðinna	18
Kvöldskólar og frelsi undan ánauð	4	Lyf og læknskostnaður	19
Barnaþing	5	Breytingar á hópi umsækjenda	19
Sumarbúðir, námsstyrkir, námskeið, fundir og kröfugöngur	5	Þátttaka í nefnda- og hópastarfi um aðstoð innanlands	20
Starfsnám fyrir ungt fólk	5	Samráðshópur um málefni utangarðsfólks	20
Sameinaða indverska kirkjan	5	Velferðarvakt	20
Skólastarf og heimavist	5	European Anti Poverty Network á Íslandi	20
Eþíópía	6	Farsældarskýrslan – baráttan gegn fátækt	20
Malaví	8	Aðilar að Almannaheillum	21
Úganda	9	Fræðslu- og kynningarmál	22
Neyðaraðstoð	11	Fréttablaðið Margt smátt	22
Samstarf og fundir um þróunarmál	11	Heimsóknir til hópa	22
Norrænn samstarfsfundur hjálparstofnana kirkna	11	Rödd í miðlum	22
Samráðsvettvangur íslenskra mannúðarsamtaka í		Safnanir og fjáröflun	22
alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, SÍMAH	11	Fermingarbarnasöfnun 2012	22
Þróunarsamvinna ber ávöxt	11	Jólasöfnun	22
Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins	12	Páskasöfnun	22
Breytendur - Changemaker á Íslandi	12	Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is	22
Kynningar og nýliðun	12	Friðarljós	
Adrenalín að utan	13	Sóknir	23
Verkefni innanlands	14	Aðrar fjáröflunarleiðir	23
Aðstoð við barnafjölskyldur og einstaklinga	14	Fjármál	24
Inneignarkort styrkja heimilishald og sjálfstæði	14	Söfnunarfé og útgjöld	24
Ráðgjöf	14	Framlög til verkefna	24
Námskeið	14	Skipulag, stjórn, starfsfólk	25
Tölfræðiupplýsingar í gröfum	15	Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar	26
Fataúthlutun	17		

Inngangur

Er ég lít yfir liðið starfsár gleðst ég yfir góðum árangri bæði hér heima og erlendis. Þrátt fyrir að Hjálparstarf kirkjunnar sé lítil stofnun í samanburði við systurstofnanir á Norðurlöndum hefur stofnuninni tekist að vinna faglega og vel og léttu undir með mörgum. Hjálparstarfið hér heima hefur með aukinni ráðgjöf og eftirfylgni breytt lífi einstaklinga og fjölskyldna. Í Eþíópíu, Malaví og Úganda hafa nokkur hundruð fjölskyldur fengið aðgang að hreinu vatni, verið hjálpað til að koma á fót búskap, lært að rækta grænmeti og smálánastarfsemi komið á. Allt eru þetta misstór skref til betra lífs og bjartari framtíðar.

Í þessari starfsskýrslu er reynt að rekja það helsta sem hefur áorkast og sýnt er fram á að fjármunum hefur verið vel varið. Enn eru þó verkefni ærin og mikilvægt að sem flestir leggi hönd á plóginn. Förum vel með það sem okkur hefur verið falið og látum umhyggju fyrir náunganum og virðingu ráða för. Saman byggjum við betri heim. Ég þakka öllum þeim sem hafa lagt Hjálparstarfi kirkjunnar lið og bið ykkur Guðs blessunar.

*Jónas Þ. Þórisson
framkvæmdastjóri*

Þróunarstarf

Hjálparstarf kirkjunnar styður verkefni í Eþíópíu, Malaví og Úganda og tvö verkefni á Austur- og Suður-Indlandi. Tvíhliða verkefni á Indlandi styður Hjálparstarfið eingöngu með eigin framlögum. Um Afríkuverkefnið hefur stofnunin notið stuðnings Þróunarsamvinnustofnunar til margra ára, með stuttu hléi í kreppunni. Framlög ríkis til frjálsra félagasamtaka sem sinna þróunarsamvinnu eru nú komin á sér fjárlagalið. Áætlun er um að framlögin fari hækkandi með hverju ári þar til 0,7% af þjóðartekjum renna til þróunarmála. Utanríkisráðuneytið hefur sett skýrari reglur um styrki sína, mat og eftirfylgd og aðkomu frjálsra félagasamtaka.

Indland

Hjálparstarf kirkjunnar styður mannréttindasamtökin Social Action Movement í Tamil Nadu-fylki og United Christian Church of India í Andhra Pradesh. Samtals var varið 26,2 milljónum króna til þessara verkefna.

Mannréttindasamtökin Social Action Movement

Mannréttindasamtökin Social Action Movement (SAM) í Chennai á Indlandi reka heildstætt og þaulhugað réttindastarf meðal barna og fullorðinna úr hópi stéttlausra.

Forskólar

Í ár studdi Hjálparstarf kirkjunnar 8 forskóla SAM. Börnin, 2-5 ára, eru börn hinna allra lægst settu og þurfa sérstaka athygli og aðstoð til að spjara sig í skóla og samfélagi. Markmið forskólanna er að gefa börnunum forskot í skólagöngunni, búa þau undir framtíðina og virkja stéttlausa foreldra í eigin baráttu. Þeir fá fræðslu og aðstoð varðandi börnin og vegna samskipta við stjórnvöld til að fá félagslega styrki, fá útgefin nafnskírteini og annað sem getur reynst torvelt. Forskólarnir forða einnig börnunum frá skaðlegum áhrifum á heilsuspillandi vinnustöðum foreldra sinna. Í forskólunum fá börnin skólabúning, næringarríkan mat, eru bólusett og eru undir eftirliti hjúkrunarfræðings. 109 börn voru skráð í forskólana í ár. Þá höfðu 37 úr fyrri árgangi verið tekin inn í almenna skóla og 24 ný börn komu inn. Í ár voru að vanda haldin endurmenntunarnámskeið fyrir kennara.

Kvöldskólar og frelsi undan ánaud

SAM rak 9 kvöldskóla sem 184 börn sóttu. Þangað koma þrælaborn eftir langan vinnudag og dvelja þar um tvo tíma á dag. Þar kynnst þau börnum sem eins er ástatt um, læra um réttindi sín, búa sig undir almenna skólagöngu, fá að leika sér og vera börn. Eftir um 6 mánuði í kvöldskóla og mikið samstarf við foreldra er skuld þeirra greidd og þeim komið inn í

opinbera skólakerfið. 31 barn var leyst úr ánauð á árinu og komið í skóla. SAM fylgir börnunum vel eftir og kennir þeim ýmis ráð til að halda áfram á réttri braut svo sem að spara til að eiga fyrir útgjöldum.

Barnaþing

Á barnaþingum SAM, fyrir stéttlaus börn, læra börnin um hvernig lýðræðisþjóðfélag virkar og hvernig þau geti barist fyrir réttindum sínum í slíku kerfi. Barnaþingshugmyndin hefur breytt úr sér og starfa þau víða. Beint undir SAM heyrðu 7 þing í vetur. Þau voru haldin vikulega. Börnin kjósa sér þingmenn og ráðherra fjölbreyttra málaflokka sem tengjast lífi þeirra og baráttu. Þau læra að skrifa skýrslur og greinar í blöð, þjálfast í einbeitingu, rökhusun og í að taka ákvarðanir. Þau fá kennslu í dansi, leiklist og brúðuleik sem nýtist til að miðla kröfum þeirra og vonum úti á götum til almennings. Á vorönn voru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur á þingunum. Fólust þau í að efla sjálfsþekkingu þeirra, læra að stofna og reka ný þing m.a. með samvinnu við þorpsyfirvöld og þorpsbúa í huga. Þannig er búið í haginn fyrir baráttumál þinganna.

Sumarbúðir, námsstyrkir, námskeið, fundir og kröfugöngur

Sumarbúðir voru haldnar fyrir 26 þrælaborð sumarið 2012. Markmiðið er að fræða börn um rétt þeirra, m.a. um skólaskyldu. 23 börn fóru í kjölfarið í skóla með stuðningi SAM.

SAM veitir hverju barni fjárstyrk sem nemur þeirri upphæð sem barn eða fjölskylda þess hefur náð að spara fyrir skólagöngunni. Hvatningarnámskeið var haldið fyrir 41 nýtt barn í vinnuánauð sem starfsmenn SAM höfðu upp á. Með því að segja þeim frá skólastarfi og mikilvægi menntunar vaknar áhugi þeirra á að segja skilið við þrælkunina og fara frekar í skóla með aðstoð SAM. Fjöldi stuttra námskeiða um réttindamál, heilsu, skólagöngu, heimanmund, atvinnulíf og fleira er haldinn hvert ár. Farið er í kröfugöngur á ýmsum merkum dögum, fræðslufundir eru haldnir fyrir foreldra, vinnuveitendur og opinbera starfsmenn.

Starfsnám fyrir ungt fólk

SAM stóð fyrir starfsnámi í vélritun, tölvunotkun, bókhaldi og saumum. Námskeiðin eru ýmist þriggja, sex mánaða eða árslöng. Tæplega 100 nemendur sóttu þessi námskeið. Starfsmöguleikar eru ræddir, fyrirtæki í bænum kynnt og hvaða störf geti mögulega verið í boði að námi loknu. Einnig fá nemendur hjálp við að finna önnur námskeið sem gætu hjálpað þeim áfram.

Sameinaða indverska kirkjan

Skólastarf og heimavist

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India, í Andhra Pradesh-fylki hjálpar fátæku fólki og börnum þeirra með skólastarfi, heimavistum, spítalarekstri og matargjöfum. Á þessu starfsári styrktu

Hjálparstarfið og 299 íslenskir fósturforeldrar alls 489 börn. 44 þeirra ganga í skóla en eru ekki á heimavist. 231 barn er á heimavist og 214 eru í bóklegu eða verklegu framhaldsnámi. Hjálparstarfið greiðir hluta launa átta kennara til að veita nógu góð kjör til að halda í reynda kennara. Skólarnir er viðurkenndir og fylgja námsskrá fylkisins.

Eþíópía

Heildarfrjármagn til verkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu um tryggara lífsviðurværi íbúa í Jijiga-hérði nam á árinu 2012, 37,1 milljón. Utanríkisráðuneytið styrkti verkefnið um 23,8 milljónir króna. Verkefnið er til þriggja ára 2011-2013 en fjárhagsskuldbinding er til árs í senn. Framkvæmdaraðili er Lúterska heimssambandið og Eþíópíska evangelíska Mekane Yesus-kirkjan. Markmiðið er að ná til um 75.000 manns í 14 „kebeleum“ eða þorpsklösum. Markmið eru fimm og snerta vatn, jarðrækt, réttindi og eflingu kvenna, heilsufar, menntun barna og samvinnu við stjórnvöld. Ytri aðstæður voru betri nú en í fyrra. Meira rigndi, uppskera varð meiri og beitiland betra fyrir hirðingja. Fólk var því ekki á eins miklum flækingi í leit að vatni heldur var heima við sem auðveldaði alla þætti verkefnisins. Þó var mikill þurrkur í þremur þorpaklösum. Verð á matvöru og byggingarvörum hafði hækkað all mikið árið á undan en var nokkuð stöðugt þetta árið. Fyrri hækkanir höfðu þó enn áhrif á þá verst og meðal settu.

1. Að tryggja íbúum aðgang að hreinu vatni til neyslu, ræktunar og skepnuhalds.

Tvær birkur voru grafnar og tveir brunnar. Fjórar, 5 manna vatnsnefndir fengu þjálfun á árinu til að sinna minniháttar viðhaldi og stjórna vatnsbólum. Nefndirnar fengu verkfæri og vatnsmiða til að selja fólki sem vildi sækja vatn í birkurnar. Þannig var hægt að fá fé til viðhalds. 15 manns úr þremur kebeleum fengu kennslu um ýmislegt í tengslum við vatnsöflun m.a. til þess að virkja fólk til að taka þátt í verkefnum fyrir þorpið. Þetta var unnið í samvinnu við starfsmann vatnsmála hjá héraðsskrifstofunni. Þátttakendur fengu einnig vatnsmiða og hreinsitöflur til sölu. Verkefnið reisti 14 sýniskamra og fræddi um smitleiðir og hreinlæti. 74 vatnsbílur dreifðu vatni á þurrustu stöðunum. Hjálparstarfið veitti sérstakan fjárstuðning til þess.

2. Að styrkja landbúnað; jarð- og búfjárrækt og vernda auðlindir.

73 bændur úr 14 kebeleum fengu jarðræktarfræðslu; að undirbúa jarðveg, velja tegundir og læra á áveitubörf, læra um meðferð uppskeru og geymsluskilyrði. 336 bændur í 14 kebeleum fengu fræ. 336 hektarar voru lagðir undir nýjar tegundir. Uppspera varð betri en með gömlu tegundunum.

160 bændur úr öllum þorpum fengu baunir til að rækta milli maísuppskera. Það nýtir akurinn betur og bætir frjósemi moldarinnar. 35 bændur sem ekki áttu uxu fengu sérstaka plóga. Til stóð að veita 90 bændum þetta en tókst ekki.

Verkefnið þjálfði 5 starfsmenn í búfjárdeild héraðsskrifstofunnar til þess að standa fyrir fjöldafræðslu um dýrasjúkdóma, til að bólusetja og lækna búfé. 250 manns fengu fræðslu, 68.000 dýr voru bólusett og nær 11.000 fengu meðferð. Dýrasjúkdómar draga mjög úr framleiðni á svæðinu.

37 konur fengu hænu, hana og fóður til að koma af stað eggjaframleiðslu. Hænsnahald er nýnæmi í sveitunum, eggjin bæta mataræðið og gefa sölutekjur.

Skógarhögg, yfirborðsvatn og vindur valda jarðvegseyðingu sem dregur úr möguleikum til ræktunar og búfjárhalds. Verkefnið sá fólki í þremur kebeleum fyrir verkfærum og kennslu í að gera lága veggja og stalla til að tefja rennsli yfirborðsvatns svo það sigi betur ofan í jarðveginn. Tókst að gera rúmlega 7.700 m af 10.000 sem ráðgerðir voru. 12 kebele fengu rúmlega 26.000 græðlinga ýmissa trjátegunda úr ræktunarstöð verkefnisins. Þau binda jarðveg og á flestum tegundum vaxa ávextir.

3. Að auka vald og áhrif kvenna með betri efnahag

33 konur í fjórum kebeleum fengu þjálfun í atvinnurekstri. Þeim var kennt að koma auga á arðbærar viðskiptahugmyndir, hvar og hvenær væri best að stunda mismunandi viðskipti og upplýsingar um sparnað og lán. Konum sem fara út í atvinnurekstur er skipað í hópa sem bera sameiginlega ábyrgð og styðja hver aðra.

Annað mikilvægt verkefni til að styrkja konur var að stofna 5 hópa kvenna og ungs fólks og kenna þeim að búa til sparhlóðir fyrir sig og til tekjuöflunar. Hlóðirnar brenna eldiviði helmingi hægar en hefðbundnar. Þannig sparast tími við að leita að eldiviði og minni þörf fyrir hann hlífir umhverfinu. Auk þess var 16 sparhlóðamótum dreift í 8 önnur þorp.

Í samvinnu við heilbrigðiseild héraðsskrifstofunnar í Jijiga-héraði skipulagði verkefnið heimilis-, heilsu- og næringarfræðinámskeið fyrir 200 konur í 10 kebeleum. Þetta voru dagsnámskeið, haldin í hverjum þorpsklasa. Þannig náðist til fleiri kvenna en ef námskeiðið hefði verið haldið fjær heimahögum. Farið var yfir eldunaraðferðir og samsetningu matar út frá næringargildi, hreinlæti inni og í kringum kofa og umönnun barna.

4. Að bæta heilsu íbúa með tilliti til HIV/alnæmis

Haldnir voru fræðslufundir um HIV/alnæmi í 10 kebeleum fyrir um 600 manns. Í kjölfarið fóru 492 í HIV-próf. Starfsfólk héraðsskrifstofunnar tók þátt, á kostnað verkefnisins. Verkefnið kom á fót skólaklúbbum sem

fræðsluvettvangi. 10 yfirsetukonur úr 4 kebeleum sóttu námskeið verkefnisins með stuðningi héraðsskrifstofunnar. Þær fengu nauðsynleg áhöld og kennd voru handtök við fæðingar, hreinlæti þeirra sjálfra og á heimilum þar sem þær komu og meðhöndlun úrgangs sem til fellur við fæðingar.

5. Menntun barna

Í samvinnu við héraðsyfirvöld sem oft hafa ekki fjármagn til að þjálfa eigið starfslið, hélt verkefnið námskeið fyrir 32 skólastjóra, opinbera starfsmenn í skólamálaum, þorpsleiðtoga og fulltrúa foreldra um menntun stúlkna og brottfall. Að námskeiðinu loknu hétu allir því að leggjast á eitt um að fjölga stúlkum í skóla. Verkefnið kannaði ástand skóla í 10 kebeleum. 7 af 10 höfðu ekki grunnkennslubúnað. Ráðist var í að bæta úr því með 210 skólaborðum með áföstum bekkjum, 7 kennaraborðum, 7 hillum, 7 kennarastólum.

6. Að styrkja leiðtoga og opinbera starfsmenn til að veita þjónustu

Þorpsleiðtogar, fólk af héraðsskrifstofum s.s. starfsmenn kvennamálaskrifstofu og fleiri og fulltrúar Sharia-dómstóla, alls 32, tóku þátt í 5 daga námskeiði um að koma í veg fyrir hættulegar hefðir s.s. umskurð stúlkna. Þátttakendur voru fleiri en gert var ráð fyrir og var það samdóma niðurstaða að sjá til þess að þessar hefðir legðust af.

Malaví

Hjálparstarfið styrkti verkefni um vatnsöflun og betra lífsviðurværi 800 heimila sjálfsþurftarbænda í 40 þorpum um 18,4 milljónir. Framkvæmdaraðili var Evangelical Lutheran Development Service (ELDS). Markmið voru þrjú:

1. *Að auka tekjur 800 heimila um 50% með því að gera fólki kleift að spara og koma af stað litlum atvinnurekstri fyrir árið 2014.*

Námskeið voru haldin til að þjálfa fólk og starfsmenn til að koma af stað sparnaðarhópum. Safnað var í sameiginlegan sjóð til að standa undir vatns-málum, viðgerðum og endurnýjun á brunnum, og séreignasjóði til að hjálpa fólki að koma af stað atvinnurekstri eða kaupa það sem það vantar. 71 hópur var stofnaður með 1.003 konum og 395 körlum. 24 voru þjálfaðir til að stofna fleiri hópa og styðja við starfsemi þeirra. Þeir fengu hver sitt reiðhjól sem skilaði verulegum árangri.

2. *Að auka framleiðni búfjár á 500 heimilum og styrkja þannig framsfersluna.*

25 íbúar í þremur þorpum fengu hver tvær geitur. Þeir voru sjálfir látnir



finna bestu kaupin. Fólkið fær þjónustu verkefnisins til að fást við sjúkdóma en getur séð um sumt sjálft eins og að ormahreinsa. 11 fræðslufundir voru haldnir til að kenna dýrameðferð.

3. Að auka aðgang að hreinu vatni og innleiða betra hreinlæti 70% íbúanna fyrir 2014.

37 fræðslufundir voru haldnir um vatn og hreinlæti fyrir 1.886 manns. Starfsmenn verkefnisins unnu með íbúum að því að þróa áætlun um hvernig skyldi staðið að þessum fundum og hvað ætti að fara yfir til að tryggja langlífi framkvæmda. Það varð til þess að fólk varð mjög áhugasamt og fann til ábyrgðar. Í 14 þorpum var gert við brunna. Þar hafa nauðsynlegar breytingar orðið til þess að verkefnið geti skilið brunnana eftir í höndum heimamanna. 31 vatnstæknir hefur verið þjálfaður í gegnum verkefnið. Þeir bíða ekki lengur eftir fólki frá verkefninu til að gera við, heldur ráðast í það sjálfir. Enda hefur fólk nú efni á að borga í viðhaldssjóð vegna ýmissa tekjuaflandi aðgerða á vegum verkefnisins. Vatnstæknar hafa komið því til leiðar að varahlutasalar eiga nú allir á lager það sem þarf í búnaðinn sem notaður er. Það var vandamál sem mál strönduðu oft á áður.

Verkefnið styður heildstætt átak á vegum stjórnvalda um vatn og hreinlæti. Það felst aðallega í því að fá fólk til að hætta að gera þarfir sínar annarsstaðar en á kömrum og klósettum. Verkefnið fór með fólk í vettvangsferð til að sjá kamra og tala við fólk sem notaði þá. 20 voru svo þjálfaðir í að búa til kamra. Verkefnið stóð fyrir 29 fundum þar sem þetta fólk kenndi 1.440 þátttakendum. Á árinu voru steipt 55 gólf í kamra og nokkuð færri kamrar fullkláraðir. Eitt af því sem fólk notar sparifé úr sparnaðarhópunum í, er að kaupa það sem til þarf til að byggja sér kamar. Áfram er þó langt í land að fá fólk til að tileinka sér nýja hætti.

Úganda

Hjálparstarf kirkjunnar styður HIV-verkefni í tveimur héruðum í Úganda, Rakai- og Sembabule. Samtökin Rakai Community Based AIDS Organization (RACOB AO) sem spröttin eru upp úr starfi Lúterska heimsambandsins, reka starfið þar og Lúterska heimssambandið vinnur verkið í Sembabule. Samtals, til beggja samtaka, lagði Hjálparstarfið til 17,1 milljón. Markmið beggja er að bæta lífskjör HIV/alnæmissmitaðra, aðstandenda og eftirlífenda. Fátækt, vatnsleysi og þar með skortur á hreinlæti, vannæring, kraftleysi og umkomuleysi hrjáir hina verst settu.

Þáttur Hjálparstarfsins í annars fjölbættara og stærra verkefni þessara tveggja samtaka snýst, um

1) að byggja íbúðarhús, frístandandi eldhús með sparhlóðum, gera þvottastöðu við hvert hús og deila út helsta heimilisbúnaði.



- 2) að auka vitund um hreinlæti og tengsl þess við góða heilsu með fræðslu og með því að reisa góða kamra.
- 3) að bæta aðgang að hreinu vatni til heimilisnota með því að koma upp söfnunartönkum fyrir rigningrvatn af húspökum.

Eftirfarandi er tafla yfir framkvæmdir í báðum héruðum.

	SEMBABULE Gert 2012	RAKAI Gert 2012
Hús	4	4
Kamrar	4	4
Vatnstankar	4	4
Eldhús	4	4
Húsbúnaður	4	4
Hreinlætisnámskeið og fjöldi þátttakenda	11 / 317	4 / 40

Í hvoru héraði nutu rúmlega 20 manns þessara húsa eða samtals um 45 manns. Hátt í 50 manns á hvorum stað, eða alls um 100 manns auk húseigenda, fá vatn úr tönkum heimilanna. Það er bæði gert af því að það er svo erfitt að ná í vatn og svo dregur það úr öfund ef fleiri fá að njóta og kemur í veg fyrir skemmdarverk á tönkum og húsum.

Húsin eru hlaðin úr múrsteinum og múruð utan og innan. Þau eru ætluð börnum eða öldruðum og/eða veikum með börn á framfæri og gerð þannig að þau þurfi ekki viðhald fyrstu árin. Þau eru nú til í tveimur stærðum til að spara þegar fjölskyldur eru litlar og geta aukið við þegar þær eru stærri. Einnig eru komnar rennur á báðar hliðar húsanna svo vatn safnast hraðar en áður í 4.000 lítra tankana. Kamrar eru með steypu gólfi, og hlaðnir úr múrsteini. Fólkið býr til handþvottaadstöðu hjá kömrunum. Af húsbúnaði og eldhúsáhöldum sem var dreift má nefna moskítónet, dýnur, hillur, vaskaföt, hreinlætisvörur, vatnsbrúsa, pönnur, potta, diska og bolla. Fólkið lærir að gera þvottagrindur og halda leirtaui frá óhreinindum. Þessar aðgerðir hafa skilað sér í minni veikindum. Merkjalega hefur fækkað tilfellum malaríu, húðsjúkdóma, niðurgangs, orma og annarra sjúkdóma sem berast með óhreinu vatni eða koma vegna óhreininda og lélegrar loftræstingar.

Hjálparstarfið hefur einnig gefið geitur og hænur í verkefnið en sá þáttur en einn af fleirum sem saman mynda þetta verkefni í Sembabule og Rakaí.

Geitum og hænum er dreift til þeirra verst settu sem þannig fá fjölbreyttari fæðu, kjöt, egg og mjólk og geta jafnvel selt umframafurðir sem bætir afkomuna.

Neyðaraðstoð

Hjálparstarfið veitti neyðaraðstoð í Malaví fyrir samtals 6,5 milljónir og þar af voru 5 milljónir frá utanríkisráðnueytnu. Flóð og þurrkar herjuðu á landið og var fjármununum varið í gegnum samstarf ýmissa ACT-aðila í landinu. Aðstoðin fólst í mataraðstoð, hjálp við að byggja upp til að geta aftur farið að vinna fyrir sér, aðgerðum til að lækka dánartíðni barna undir 5 ára aldri og koma í veg fyrir alvarlega vannæringu ungbarna, ófrískra kvenna og kvenna með barn á brjósti. Einnig var veitt sál-félagsleg aðstoð. Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að ACT-Alliance, alþjóðlegu neti kirkju-tengdra hjálparstofnana sem sinnir bæði neyðar- og þróunaraðstoð. Sjá www.actalliance.org

Samstarf og fundir um þróunarmál

Norrænn samstarfsfundur hjálparstofnana kirkna

Fundurinn var haldinn í Noregi í ágúst 2012 á hóteli þar sem sett var upp neyðarmóttaka og stjórnstöð eftir hryðjuverkin í Útey. Atburðirnir þar voru rifjaðir upp og hvernig Norðmönnum hefði gengið að vinna úr þeim. Síðan var á fundinum fjallað um sameiginleg málefni sem varða ACT-Alliance og stefnu þeirra. Annað fundarefni var hefðbundið, minni hópar fjölluðu um sitt starfssvið. Sem fyrr var tilgangurinn að miðla og læra af reynslu hvert annars.

Samráðsvettvangur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, SÍMAH

Þátttakendur eru: ABC-barnahjálp, Barnaheill – Save the Children, Hjálparstarfið, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristnibodsfélaga, SOS-barnaþorp og UN Women. Haldnir voru fjórir fundir á starfsárinu. Í maí var haldið málþing sem RKÍ bar ábyrgð á um ódýrari leiðir í flutningi fjármagns til verkefna erlendis. Erlendur fyrirlesari fjallaði um málið og svaraði fyrirspurnum. Reglulegir samráðsfundir samtakanna eru mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum um starfsemi og áætlanir hverra samtaka.

Þróunarsamvinna ber ávöxt

Þróunarsamvinnustofnun Íslands og SÍMAH (samráðsvettvangur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu) stóðu í annað sinn að áttakinu Þróunarsamvinna ber ávöxt. Markmiðið var að auka

þekkingu og skilning almennings á málefnum þróunarlanda og vekja Íslendinga betur til vitundar um samfélagslegar og siðferðislegar skyldur þjóðarinnar í baráttunni gegn fátækt og ójöfnuði í heiminum. Undirtitill átaksins 2012 var Komum heiminum í lag en landsþekktir tónlistarmenn voru fengnir til að koma skilaboðum átaksins í „lag“. Tónlistarmennirnir sömdu 5 lög við sama texta og var eitt lag frumflutt á degi hverjum í eina viku á Rás 2 og á netinu. Átakinu lauk með tónleikum. Með samvinnu við fleiri var haldin afrísk kvikmyndavika í Bíó Paradís, Félag Sameinuðu þjóðanna stóð fyrir málþingi um háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, í Fréttablaðinu birtust greinar þar sem fólk úr ýmsum geirum samfélagsins velti vöngum yfir þróunarsamvinnu.

Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins

Hjálparstarf kirkjunnar er meðal 5 fulltrúa SÍMAH sem eiga sæti í 15 manna samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðuneytisins. Skipað var í ráðið til árána 2008-2013. Þar sitja einnig fulltrúar atvinnulífs og háskólasamfélagsins. Ráðið er utanríkisráðherra til ráðgjafar um þróunarmál.

Breytendur – Changemaker á Íslandi

Breytendur – Changemaker á Íslandi, er ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar um jafnari stöðu þróunar- og iðnríkja. Breytendur eru hluti hinnar alþjóðlegu Changemaker-hreyfingar, sem á upphaf sitt í Noregi. Starfið er tilboð til allra á aldrinum 13-30 ára, sem láta sig málið varða. Fræðsludeild kirkjunnar og Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavík styðja starfið.

Aðalmál vetrarins var endurvinnsla gegn gróðurhúsaáhrifum en þau hafa hvað mest áhrif á búsetusvæði fátæks fólks. Farin var herferðin Auðveldum endurvinnslu! Breytendur kröfðust skilvirkari sorphirðu sem dregur úr myndun gróðurhúsalofttegunda. Skorað var á Reykjavíkurborg að innleiða þriggja tunnu kerfi. Undirskriftum var safnað á mjólkurfernur og mjólkurfernubúningar notaðir til þess að vekja athygli á gamansaman hátt. Sjá má meira um þetta á <http://changemaker.is>

Af öðrum verkefnum og viðburðum þar sem Breytendur unnu að markmiðum sínum má nefna fræðslu og fjársöfnun á Landsmóti ÆSKP, gjörning þar sem friðarmerkið var mótað á Klambatúni á fæðingardegi Mahatma Gandhi og friðargönguna á Þorláksmessu. Breytendur vöktu athygli á málstað þróunarlanda með því að selja gjafabréf og friðarljós á Laugavegi fyrir jólin.

Kynningar og nýliðun

Breytendur stóðu fyrir kynningum til nýliðunar í grunn-, framhaldsskólum og æskulýðsfélögum. Kynning var haldin á Selfossi til að ná til landsbyggðarkrakka og úr varð áhugasamur hópur þar. Árlegt helgarmót Breytanda, Fjaðrafok, var haldið í fimmta skipti í mars, og komu í fyrsta

sinn erlendir gestir. Akureyrarhópur átti sinn fulltrúa, svo og Grafarholt. Sá hópur hitti gesti Hjálparstarfs kirkjunnar frá Malaví, og stefnir á að heimsækja þau og skoða verkefni Hjálparstarfsins í Malaví.

Adrenalín að utan

Fimm fóru frá Íslandi á Sommer-SNU, Changemaker-mót í Noregi og fjármögnuðu úr eigin vasa. Mikilvægt er að efla tengslin, læra um málefni sem aðrir vinna með og fá innblástur. Tvær Breytendur sátu fund Changemaker International í Finnlandi í september og sóttu mót Finnanna, Changemaker Weekend. Rætt var um eðli og samstarfsgrundvöll regnhlífarnetsins „Changemaker International“ sem er enn ungt og í mótun.

Úr ársskýrslu Breytanda

Breytendur hafa nú starfað frá haustinu 2006. Hópurinn hefur að miklu leyti endurnýjast, sem eðlilegt er, og getur verið stoltur af því að vera enn starfandi. Við reynum sífellt að læra af reynslunni um leið og við horfum fram á veginn. Við erum ef til vill of gjörn á að bera okkur saman við systurhreyfingu okkar í Noregi, sem við vitum þó að við getum ekki líkst í stærð og umsvifum. Hjá Changemaker í Noregi eru 6 starfsmenn í fullu starfi, einum færri en sjálft Hjálparstarf kirkjunnar hefur hér á landi.

Samt finnst okkur stakkurinn þröngur miðað við þau markmið sem við vildum setja okkur. Við þykjumst sjá að án hærra starfshlutfalls starfsmanns okkar sem nú er 20%, 10 mánuði ársins, verði starf okkar fast í viðjum fyrri ára. Ekki eins skipulagt, eins markvisst og eins árangursríkt og við vildum. Tekið skal fram að við erum stolt af því sem við höfum lagt til málanna, sem er talsvert. En betur má ef duga skal, og við stefnum hærra.

Hjálparstarf kirkjunnar hefur greitt laun starfsmanns og veitt aðstöðu. Umsóknum Changemaker í kirkjumálasjóð hefur hinsvegar verið hafnað undanfarin ár. Við óskum eftir að nú verði okkur veittur styrkur úr kirkjumálasjóði á ný því við teljum okkur eiga að vera mikilvægan þátt í starfi Hjálparstarfsins og ungmennastarfi kirkjunnar í heild.

Guðjón Andri Reynisson

Verkefni innanlands

Aðstoð við barnafjölskyldur og einstaklinga

Innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst í efnislegri aðstoð, ráðgjöf og talsmannshlutverki. Markmið hennar er að efla fólk til þess að verða meira virkt og geta betur séð fyrir sér og notið lífsins. Hjálparstarfið hefur styrkst í viðleitni sinni til valdeflingar með námskeiðum og fræðslu. Úthlutunarreglur varðandi inneignarkort í matvöruverslunum voru hertar á árinu á þeirri forsendu að aðstoðin mætti neyð en ekki framfærsluþörf. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins tóku þátt í fjölbreyttu samstarfi aðila sem takast á við fátækt. Skýrslan *Farsæld* var þar án efa hápunkturinn en velferðarráðuneytið hefur tekið upp mörg tilmæli hennar til frekari vinnslu.

Inneignarkort styrkja heimilishald og sjálfstæði

Hjálparstarf kirkjunnar veitir aðstoð til að halda heimili með inneignarkortum í matvöruverslanir. Þau eru einskorðuð við barnafjölskyldur. Öðrum var vísað til annarra hjálparstofnana sem gefa mat, á svæðum þar sem þær starfa. Ef engar slíkar eru á svæði barnlausra umsækjenda, fá þeir einnig mataraðstoð hjá Hjálparstarfinu. Til að geta fengið aðstoð þurfa allir umsækjendur að skila gögnum um tekjur og útgjöld. Sést þá hve mikið viðkomandi hefur milli handanna þegar allir reikningar hafa verið greiddir. Sé mismunur undir viðmiði umboðsmanns skuldara, fær umsækjandi aðstoð Hjálparstarfsins. Sé umsækjandi yfir viðmiði fær hann gögn og útskýringar sendar heim og honum gefinn kostur á að koma með viðbót-argögn til að láta umreikna umsóknina. Á árinu fengu 2.230 fjölskyldur aðstoð í 5.411 afgreiðslum. Má reikna með að um 6.000 manns hafi notið góðs af, börn og makar. Meðalfjöldi afgreiðslna per umsækjanda voru 2,4 skipti sem er minna en árið áður. Um 10% umsækjenda reyndust ofan marka eins og í fyrra.


Ráðgjöf

Enn öflugri ráðgjöf var vel nýtt. Einstaklings- og fjölskylduráðgjafi frá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar var í hlutastarfi hjá Hjálparstarfinu við að veita dýpri aðstoð og styðja fólk í breytingaferli. Fjármálaráðgjöfin frá fyrirtækinu Velgengni hélt áfram og var stundum gerð að skilyrði fyrir frekari aðstoð stofnunarinnar. Hún nýtur mikilla vinsælda, augljóst er að hún er þess að eðlis að fólk léttir að fá þar leiðsögn og tekst betur að höndla fjármál sín. Áfram þarf að leiðbeina og hvetja fólk til að nýta sér ný úrræði, sækja um vinnu og halda virkni.


Námskeið

Hjálparstarfið stóð fyrir námskeiðum og átti samstarf við aðra um önnur slík. Með þjóðkirkjunni var boðið upp á sjálfstyrkingarnámskeiðið, *Konur eru konum bestar*. 20-30 konur tóku þátt. Mikil ánægja var með framhaldsnámskeið sem bætt var við að ósk þátttakenda. Tvö saumanámskeið voru


Fjöldi einstaklinga á bak við afgreiðslur milli starfsára




Afgreiðslur eftir aldri viðtakenda milli starfsára




Afgreiðslur eftir húsnæði milli starfsára




Framfærsla milli starfsára (hlutfall)



Afgreiðslur eftir landshlutum (hlutfall)



Afgreiðslur eftir ríkisfangi milli starfsára



haldin með Hjálpræðishernum í Reykjavík fyrir 12 konur og karla. Keyptar voru fjórar vélar og ósk lögð inn um eina í viðbót sem tæki þykkara efni. Eru þau kaup í farvatninu. Þeir sem hafa lokið námskeiði geta gengið að saumavélunum eftir að því lýkur og hefur það verið vel nýtt. Í vor var tekin ákvörðun um að þeir þátttakendur sem voru kennurum til aðstoðar yrðu fengnir til að stýra námskeiðum næsta starfsárs. Hafa þeir samþykkt það. Er það gott dæmi um valdeflingu, sem er eitt meginmarkmið allrar aðstoðar Hjálparstarfsins.

Fataúthlutun

Fataúthlutun fór fram vikulega þar sem þeir sem þurftu fengu ókeypis föt. Mikið berst af fötum sem sjálfbóðaliðar flokka og úthluta. Um jólin var sérstök úthlutun, en áður hafði verið auglýst eftir sparifötum. Mikið barst af vönduðum flíkum. Úthlutanir urðu 350 í ár, fyrir utan úthlutanir um jólin.

Sjálfbóðaliðar

Vikulega vinna 15-20 sjálfbóðaliðar við flokkun og úthlutun fata, skráningar og greiningu umsókna og fleira. Framlag sjálfbóðaliða er ómetanlegt og gerir Hjálparstarfinu kleift að veita þá þjónustu sem í boði er.

Velferð barna

Hlúð var að barnafjölskyldum með fjölbreyttum hætti. Áhersla var lögð á að skapa fjölskyldum tækifæri til að gera eitthvað skemmtilegt saman og skapa þannig góða upplifun og minningar. Tvær fjölskyldur fóru í sumar- búðir á vegum Akureyrarkirkju. Hjálparstarfið kostaði ferðina en kirkjan dvölina. Foreldrar nutu þess að hitta aðra fullorðna í stað þess að verja fríum ein heima með börnunum. Allir nutu þess að taka þátt í öllum þeim skemmtunum sem buðust. Tókst þetta einstaklega vel og stefnir Hjálparstarfið á að víkka út þetta svið í samstarfi við Hjálpræðisherinn.

Fleiri miðar voru gefnir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn en áður, einnig í leikhús, út að borða og fleira að tilstuðlan félagsins Barnabrosa. Tugir fjölskyldna og ungmenna nutu góðs af.

Verzlunin Lindex gaf 600.000 kr. til fatakaupa og Hjálparstarfið keypti inneignarkort að verðmæti 900.000 kr. í Hagkaupum fyrir barna- og unglingsfötum. Er þetta aukning frá því aðeins var keypt fyrir jólin. Verðlag hefur hækkað og fatakaup verða fátækum fjölskyldum erfiðari. Um 400 börn fengu stuðning vegna skólabyrjunar að hausti 2011 í formi gjafabréfs í Office 1. Um 70 börn úr 11 sveitarfélögum fengu aðstoð til tólmstundaiðkunar eða sumargjöf.

Jólaaðstoð

Hjálparstarfið stóð eitt að jólaaðstoð sinni í ár en átti þó víðtækt samráð um framkvæmd við önnur félög. Þeir sem þegar höfðu fengið inneignarkort gátu sótt um jólaaðstoð á netinu. Lagt var inn á kortin skömmu fyrir jól. Nýir umsækjendur gátu eins og áður leitað til presta um allt land og á skrifstofu Hjálparstarfsins. 1.111 umsóknir bárust. Fjölgaði um rúmlega 200. 22% þeirra sem sóttu um jólaaðstoð voru að sækja um aðstoð í fyrsta sinn á móti 25% árið áður. Miðlæg skráning umsókna hjá Mæðrastyrksnefndum og Rauða kross-deildum í Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæ hefur fest sig í sessi en Hjálparstarfið átti frumkvæði að því. Þannig sækir fólk aðeins um á einum stað sem gerir úthlutun markvissari.

Samstarf Mæðrastyrksnefndar Akureyrar, Hjálpræðishersins, Akureyrardeildar Rauða krossins, Hjálparstarfsins og kirknanna á Akureyri varð meira og náði allt frá fjáröflun til úthlutunar. Óhætt er að segja að Hjálparstarfið hafið leikið stórt hlutverk í að þróa þetta samstarf undanfarin ár.

Á Austfjörðum veitti Hjálparstarfið óbeinan stuðning með því að greiða hluta af jólaúthlutun kirkjunnar, Rauða krossins og sveitarfélaganna. Er vilji til að auka þennan stuðning. Hjálparstarfið fundaði með Selfoskirkju og gert er ráð fyrir að samstarf á Suðurlandi fyrir jólin verði eftt með svipuðum hætti og á Norðurlandi.

Framtíðarsjóður

98 ungmenni úr 12 sveitarfélögum og 22 framhaldsskólum fengu framlög úr Framtíðarsjóði vegna skólagjalda, bóka- og efniskostnaðar. Meðalupphæð á mann var örlítið hærri en í fyrra. Þegar könnun var gerð meðal þeirra sem fengu aðstoð kom í ljós að þeir voru ánægðir með aðstöðina en töldu hana þurfa að vera svolítið hærri. Var komið til mótis við það hér. Hjálparstarfið varði 3,8 milljónum. Líkleg ástæða fyrir fækkun styrkþega þykir að sveitarfélög styðji ungmenni úr þessum hópi betur en áður.

Námssjóður fullorðinna

Hjálparstarfið miðlaði endurmenntunarstyrkjum til einstæðra foreldra eða annarra sem standa illa fjárhagslega og félagslega. 16 manns sem eru ýmist í grunnnámi framhaldsskóla og stefna á sérnam eða í endurhæfingu hjá Hringsjá eða Janusi nutu góðs af. Miðað er við að styðja fólk sem ekki á

rétt á styrkjum annars staðar frá. Helstu stuðningsaðilar þessa sjóðs eru Sorpa og Lýðheilsustofnun.

Lyf og læknskostnaður

Á starfsárinu hélt áfram samstarf Hjálparstarfsins og Lyfja og heilsu sem felst í lyfja- og gleraugnaaðstoð við skjólstaðinga. 3,5 milljónir króna komu úr lyfjasjóðnum Lyfjagjöf sem bæði Lyf og heilsa, önnur fyrirtæki og almenningur gefur í. Stærstur hluti fór í lyfjaaðstoð. 70% þeirra sem fá lyfjaaðstoð eru aðrir en barnafólk. Meðal annars þannig tekst að veita fleirum en barnafólki aðstoð, þótt barnafólkið sé meirihluti þeirra sem fá aðstoð við matarkaup. Varkárni er gætt í því hvaða lyf eru greidd til þess að koma í veg fyrir að fólk leysi út lyf sem það hyggst endurselja. Öll lyf eru greidd beint í lyfjaverslanir. Stuðningur vegna gleraugna er fyrst og fremst ætlaður börnum og ungmennum en einnig fullorðnum sem sækja nám með styrk frá Hjálparstarfinu. 14 börn og ungmenni fengu gleraugu á þessu starfsári, fjölgaði um þrjá.

Breytingar á hópi umsækjenda

Nú, fimm árum eftir að efnahagskreppan skall á, má lesa úr gögnum Hjálparstarfsins að sá hópur sem sótti til stofnunarinnar í kjölfar kreppunnar er öðruvísi samsettur en sá sem kom fyrir kreppu. Mest fjölgaði atvinnulausum og þeim lægst launuðu. Sá hópur staldraði þó stutt við miðað við aðra sem voru að koma í fyrsta sinn til stofnunarinnar í kjölfar kreppunnar. Þetta fólk virtist fá úrlausn annarsstaðar sem hafði áhrif á framfærslu þess, t.d. í gegnum umboðsmann skuldara eða banka, eða fólk-ið fékk aftur vinnu. Af þeim sem fengu aðstoð öll árin frá 2008 til 2012 fengu 252 örorkubætur. 44 sem fengu aðstoð árin 2008-2010 komu ekki til Hjálparstarfsins eftir það. Af þeim sem voru atvinnulausir í hópi umsækjenda árin 2008-2012, þáðu 24 aðstoð öll árin. 26 atvinnulausir sem fengu aðstoð 2008-2010 sóttu ekki um eftir það. Ef litið er til aldurs hefur aldursbilið í hópnum breikkað. Umsækjendum úr hópi ungs fólks fjölgar, svo og úr hópi þeirra sem hvað elstir eru. 9 einstaklingar á aldrinum 20-29 ára fengu aðstoð öll árin 2006-2013. Starfsárið 2011-2012 fengu 191 á þessum aldri aðstoð. Úr eldri hópnum fengu 21 á aldrinum 60-67 ára aðstoð öll árin 2006-2013. Árið 2011-2012 urðu þeir 67 úr þessum aldurshópi.

Mestum áhyggjum veldur staða þeirra sem lengsta viðdvöl hafa haft hjá Hjálparstarfinu – komu fyrir kreppu og koma enn. Það eru fyrst og fremst öryrkjar sem ekki hafa fengið neinar úrbætur. Skort hefur markvissa endurhæfingu, tekjutenging hefur hrakið þá af vinnumarkaði og hvort tveggja leiðir til sífellt minni virkni, fátæktar og félagslegrar einangrunar. Þessum einstaklingum og fjölskyldum þeirra er veruleg hætta búin, ekki síst börnunum. Það er á ábyrgð ráðamanna og þriðja geirans að sjá til þess að þau alist ekki upp í fátækt sem mótar möguleika þeirra til lífstíðar.

Sjá fleiri tölulegar upplýsingar um innanlandsaðstoð Hjálparstarfsins á www.help.is

Pátttaka í nefnda- og hópastarfi um aðstoð innanlands

Samráðshópur um málefni utangarðsfólks

Hjálparstarfið á áfram sæti í samráðshópi Reykjavíkurborgar, stofnana og félaga um málefni utangarðsfólks. Markmið hópsins er að bæta yfirsýn yfir málefni utangarðsfólks og auka samvinnu milli ólíkra faghópa. Einnig er markmiðið að finna leiðir svo veita megi þessum hópi nauðsynlega grunnþjónustu.

Velferðarvakt

Velferðarvaktin er skipuð fagfólki úr ýmsum geirum, þar á meðal félagsráðgjafa frá Hjálparstarfinu, sem í starfi sínu kynnist náið áhrifum kreppunnar á afmarkaða hópa samfélagsins. Vaktin beinir tillögum til stjórnvalda um möguleg viðbrögð. Af áherslum vetrarins má nefna húsnæðismál og velferð barna m.a. varðandi tannlækningar fyrir öll börn. Um starf Velferðarvaktarinnar má lesa á heimasíðu Velferðarráðuneytisins undir <http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/>.

European Anti Poverty Network á Íslandi

Íslandsdeild EAPN styrkist en á árinu var sérstaklega horft til þess að virkja fólkið sjálft sem býr við fátækt. Öll Evrópulönd sendu fólk á Evrópufund til að deila reynslu sinni. Fólkið hitti Evrópuþingmenn en Íslendingar hittu starfsmenn íslenska sendiráðsins. Tilgangurinn var að þrýsta á og kynna íslenskum og evrópskum stjórnvöldum og stofnunum leiðir til að þróa og beita árangursríkum aðferðum gegn fátækt og félagslegri einangrun. EAPN stóð einnig fyrir opnu húsi hér heima til að skapa fólki sem býr við fátækt vettvang til samræðna og efla það til baráttu fyrir því sem myndi hjálpa þeim upp úr hjólfari fátæktar. Sjá um EAPN á www.eapn.eu

Farsældarskýrslan – baráttan gegn fátækt

Hjálparstarf kirkjunnar og Rauði krossinn í Reykjavík áttu frumkvæði að því að stofna samstarfshóp um enn betra samfélag og gáfu í kjölfarið út skýrsluna Farsæld – baráttan gegn fátækt sem kom út í október 2012. Að vinnunni komu fulltrúar fjölmargra félagasamtaka, frá háskólasamfélaginu, hagsmunasamtökum, sveitum, ríki og fleirum. Í skýrslunni er fjallað um þörf á nýjum skilgreiningum sem taka mið af getu en ekki vanmætti, farsæld en ekki skorti. Fjallað er um nauðsyn samfélagssáttmála þar sem fátækt sé ekki náttúrulögmál, nauðsyn þess að virkja alla og ábyrgð samfélags og einstaklings þar á, samhæfingu félagslegrar þjónustu, nauðsyn á grunnframfærsluviðmiði, gerð velferðarreiknis til að hafa yfirlit yfir tekjur og gjöld og samspil bóta, stofnun embættis sérfræðings um málefni fátækra, samræmingar í tryggingakerfi og skattkerfi, stuðning við börn eldri en 18 ára séu þau í skóla, börn og fjölskyldur af erlendum uppruna, heilsu- og tannvernd og fleira.

Skýrslan var kynnt Velferðarráðuneytinu í nóvember. Í mars 2013 skilaði vinnuhópur ráðuneytisins tímasettri aðgerðaáætlun um fimm punkta

skýrslunnar og tíu atriði sem sneru að verksviði ráðuneytisins og voru aðgerðamiðuð. Mun Hjálparstarfið fylgja málinu eftir við nýja ríkisstjórn. Ráðuneytið lét þýða Farsældarskýrsluna á ensku. Íslenska útgáfan er á www.help.is.

Aðilar að Almannaheillum

Hjálparstarfið á fulltrúa í stjórn Almannaheilla, regnhlífarsamtaka félaga sem vinna í þágu almennings. Almannaheill komu því til leiðar að nefnd var stofnuð til að gera tillögu að lagaramma um starfsemi frjálsra félagasamtaka og mögulegar ívilnanir að uppfylltum skilyrðum. Er þetta stærsta baráttumál Almannaheilla. Ragna Árnadóttir, fyrrverandi formaður, er formaður nefndarinnar. Haldið var málþing um hlutverk og gagnsemi frjálsra félagasamtaka en fulltrúi Hjálparstarfsins leiddi þá vinnu. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðunni www.almannaheill.is

Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablaðið Margt smátt

Fréttablað Hjálparstarfsins, Margt smátt, kom út fjórum sinnum, ýmist sem tímarit til um 6.000 styrktaraðila, bókasafna og fleiri eða sem fylgiblað með Fréttablaðinu. Þau blöð voru helguð vatnsverkefnum í Afríku og þörfinni innanlands.

Heimsóknir til hópa

Farið hefur verið í heimsóknir á ýmsar stofnanir, í kirkjur og í skóla til að kynna starfið í máli og myndum. Fræðsla meðal fermingarbarna fer fram í tæplega 70 sóknum og er henni lýst nánar í kafla um safnanir.

Rödd í miðlum

Starfsmenn hafa öðru hvoru sent inn greinar í fjölmiðla sem hafa birst í prent- og vefmiðlum og tekið þátt í umræðum í útvarpi.

Safnanir og fjáröflun

Fermingarbarnasöfnun 2012

Fermingarbörn um allt land gengu í hús dagana 29. október - 6. nóvember 2012 með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. 65 prestaköll og um 2.800 börn söfnuðu 7,5 milljónum króna. Fyrir söfnunina fengu börnin fræðslu um vatnsverkefni Hjálparstarfsins í Afríku. Gestir frá Malaví heimsóttu um 2.000 þeirra í aðdraganda söfnunarinnar.

Jólasöfnun

Safnað var fyrir vatni og tengdum verkefnum í Afríku með valkröfum í heimabönkum. 65 ára og eldri fengu sendan greiðsluseðil. Söfnuðust 20,5 milljónir króna.

Páskasöfnun

Um páska var safnað fyrir innanlandsaðstoð, einnig með valgreiðslum í heimabönkum. 5,8 milljónir króna söfnuðust. Söfnun á styrktarlínum í páskablaðið gekk vel og fer hluti af hagnaði blaðsins til innanlandsaðstoðar.

Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is

Af gjafabréfasíðunni www.gjofsemgefur.is seldust 1.310 gjafabréf, ívið minna en á metárinu í fyrra. Af 37 vörutegundum eru geitur vinsælastar, þá hænur, vatn, grænmetisgarðar, skóladót og að frelsa barn úr skuldaánauð. Af gjafabréfum til styrktar starfi innanlands voru Framtíðarsjóður, stuðningur við skólabyrjun og jólagjafir á Íslandi vinsæl.

Á vefsíðunni www.framlag.is gefur fólk til verkefna að eigin vali. Flestir völdu að gefa til Afríkuverkefna og næst flestir völdu aðstoð innanlands.

Friðarljós

Friðarljós Hjálparstarfsins seldust fyrir 8,4 milljónir á árinu. Friðarljósín hafa í mörg ár verið framleidd á verndaða vinnustaðnum Heimaey. Afskaplega gott samstarf hefur verið við forsvarsmenn Heimaeyjar og gæði Friðarljósanna mjög góð. Kostnaður við framleiðsluna hefur hins vegar hækkað stöðugt og hagnaðurinn minnkað að sama skapi. Því var ákveðið að gera tilraun með að kaupa Friðarljósín frá Póllandi á hagstæðara verði.

Sóknir

Heildarframlag sókna til Hjálparstarfs kirkjunnar nam 2,8 milljónum króna og hefur það lækkað um 2,6 milljónir á milli ára. Er það von okkar að þegar fjárhagur sóknanna í landinu rýmkast muni þær aftur auka stuðning sinn við stofnunina.

Aðrar fjáröflunarleiðir


Söfnunarsímar Hjálparstarfsins 907 2002 og 907 2003 eru sérstaklega nýttir í tengslum við skyndisafnanir í neyð. Söfnunarbaukarnir fyrir vatn í Afríku standa á kaffihúsum, í verslunum og fyrirtækjum víða um land. Sala minningarkorta á www.help.is og á skrifstofunni hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og nam um einni milljón á árinu.

Fjármál

Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2012 til 30. júní 2013 námu 247,2 milljónum króna. Þrjár safnanir voru á starfsárinu, söfnun fermingarbarna í nóvember, jóla- og páska-söfnun. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einnig mikilvægum tekjum. Hjálparstarf kirkjunnar hefur notið góðs af stuðningi stjórnvalda við þróunarverkefni og neyðaraðstoð.


Tekjur námu 247,2 milljónum króna




Framlög til verkefna

93 milljónum var varið til þróunarverkefna og 6,5 milljónum til neyðarhjálp. 86,7 milljónum var varið til verkefna innanlands. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 8,6 milljónir. Hjálparstarfið hefur á árinu varið 262,7 milljónum til verkefna og reksturs. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 233,7 milljónum króna, hefur stofnunin eyrnamerkt og skuldbundið sig til að greiða um 200 milljónir vegna langtíma verkefna.

198,2 milljónum varið til verkefna



Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 262,7 milljónum króna



Skipulag, stjórn, starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; 9 fulltrúa prófastsdæma, 5 fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári voru 68 í fulltrúaráði. Skal formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem fundaði 10 sinnum á árinu. Starfsmenn eru 8 í mismiklu starfshlutfalli.

Stjórn:

Ingibjörg Pálmadóttir fyrrv. ráðherra, formaður
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur
Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur

Varamenn:

Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur
Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri

Starfsfólk:

Andrea Margeirsdóttir félagsráðgjafi í 70% starfi
Anna M. Þ. Ólafsdóttir verkefnastjóri erlendra verkefna í 75% starfi
Atli Geir Hafliðason; umsjón með fatalager, sölu Friðarljósa o.fl.
Áslaug Arndal; skrifstofuhald og fósturbörn
Bjarni Gíslason fræðslu- og upplýsingafulltrúi
Guðjón Andri Reynisson; leiðir starf Breytanda í 20% hlutfalli
Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri
Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Skipaðir af kirkjuráði

Ingibjörg Pálmadóttir
Lóa Skarphéðinsdóttir
Páll Kr. Pálsson
Rannveig Sigurbjörnsdóttir
Þorsteinn Pálsson

Varamenn kirkjuráðs
Kristín Magnúsdóttir
Guðbjörg M. Matthíasdóttir

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra
Halldór Kristinn Pedersen

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
Niels Árni Lund
Valgerður Vigfúsardóttir

Kjalarnesprófastsdæmi
Sr. Þórhallur Heimisson
Arndís Guðmundsdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi
Sr. Elínborg Sturludóttir
Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson

Vestfirjarprófastsdæmi
Hulda Karlsdóttir
Helga Friðriksdóttir

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi
Úrsúla Árnadóttir

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Sr. Guðmundur Guðmundsson
Finnur Baldursson

Austurlandsprófastsdæmi
Sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
Jens Garðar Helgason

Suðurlandsprófastsdæmi
Hafsteinn Stefánsson
Örn Arnarson

Fulltrúar kosnir af prestaköllum

Í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Árbæjarsókn
Guðbjörg Helgadóttir

Breiðholtssókn
Gyða Kristófersdóttir
Digranessókn
Stefanía Valgeirsdóttir
Þórhildur Garðarsdóttir

Kársnessókn
Benedikt Vilhjálmsson

Grafarvogssókn
Ingvar Haraldsson

Hjallasókn
Svala Hafsteinsdóttir

Lindasókn
María Kristín Lárusdóttir

Hólabrekkusókn
Jón A. Björnsson

Fellasókn
Birna Hjaltadóttir

Seljasókn
Jenetta Bárðardóttir
Matthildur Sverrisdóttir

Í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Ássókn
Þórhildur Þórisdóttir
Júliana Tyrfingsdóttir

Bústaðasókn
Gunnar Sigurðsson
Magnús Viðar Skúlason

Dómkirkjusókn
Ásta Kristjánsdóttir
Einar Gottskálksson

Grensásókn
Steinunn Ásgerður Frímannsdóttir

Hallgrímssókn
Guðlaugur Gunnarsson
Sigurður Bjarnason

Háteigssókn
Haraldur Sigurðsson
Helgi E. Helgason

Nessókn
Ragnheiður M. Guðmundsdóttir

Langholtssókn
Guðrún Áslaug Einarsdóttir
Anna Þóra Pálsdóttir

Laugarnessókn
Hörður Jóhannesson

Seltjarnarnessókn
Margrét Albertsdóttir
Guðmundur Magnússon

Í Suðurlandsprófastsdæmi

Ofanleitisókn
Steinunn Einarsdóttir
Guðbjörg Matthíasdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi

Akranessókn
Sigríður Kr. Valdemarsdóttir
Ragnheiður Grímsdóttir

Stafholtssókn
Sr. Elínborg Sturludóttir

Í Eyjafjarðarprófastsdæmi

Akureyrarsókn
Jón Oddgeir Guðmundsson

Lögmannshlíðarsókn
Baldur Dýrfjörð

Í Þingeyjarprófastsdæmi

Húsavíkursókn
Haflíði Jósteinnsson

Heimasíða: www.help.is
Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is
Framlög: www.framlag.is
Ungliðahreyfingin Breytendur: www.changemaker.is